

Ed.

144. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kaupúna og sjávarþorpa.

Flm.: Jónas Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Þorsteinn Þorsteinsson.

1. gr.

10. gr. laganna skal orða þannig:

Allur kostnaður við skipulagsuppdrætti, sem stjórnarráðið lætur gera, greiðist að hálfu úr ríkissjóði, að hálfu úr bæjar- eða hreppssjóði.

2. gr.

13. gr. laganna hljóði svo:

Stjórnarráðið lætur gera skipulagsuppdrætti yfir þá bæi, kaupún eða sjávarþorp, er skipulagsskyld eru samkv. 7. gr. laganna, en uppdráttur hefir ekki verið

staðfestur fyrir, og skal þeim skipulagsuppdráttum lokið á þeim tíma, sem stjórnarráðið setur ákvæði um í hvert sinn.

Nú er kaupún eða sjávarþorp, sem skipulagsskylt er samkv. 7. gr., í hrörnun eða tvisýnt þykir um vöxt þess og framtíð, og getur þá stjórnin ákveðið, að frestað skuli að gera af því skipulagsuppdrátt.

Eftir að skipulagsuppdráttur hefir verið lagður fram til sýnis fyrir almenning, má engin mannvirki gera, sem komi í hága við hann, nema stjórnarráðið hafi auglýst breytingar á honum.

3. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Skipulagsnefnd annast stjórn skipulagsmála, undir yfirstjórn stjórnarráðsins. Í nefndinni eiga sæti vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari ríkisins. Nefndin kys sér sjálf formann.

Skipulagsnefnd getur, með samþykki stjórnarráðsins, ráðið byggingarfræðing og ráðunaut í heilbrigðismálum sér til aðstoðar. Þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra og laun aðstoðarmanns ákveður stjórnarráðið.

Kostnaður við stjórn skipulagsmála, mannahald, skrifstofukostnaður, ferðalög o. fl. greiðist úr ríkissjóði.

Til þess að mæta þessum útgjöldum skal greiða í ríkissjóð allt að 3% af hverri nýbyggingu, sem reist er eftir að lög þessi ganga í gildi, í þeim bæjum, sem skipulagið nær til.

Stjórnarráðið setur með reglugerð nánari ákvæði um gjald þetta og hvernig það skuli innheimt.

4. gr.

Í 16. gr. laganna falli niður orðin „ef það sér sér það fært“.

Aftan við greinina komi svo hljóðandi málsgr.:

Skipulagsuppdráttur skal staðfestur af stjórnarráðinu eigi síðar en tveim árum eftir að hann hefir verið lagður fram.

5. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er stjórnarráðinu að ákveða, að ákvæði laga þessara skuli taka til kaupúns eða sjávarþorps, þótt íbúar þess séu færri en 500, svo og til orkuvers eða sveitarþorps, ef hreppsnefnd óskar þess, eða skipulagsnefnd gerir tillögur um það og stjórnarráðinu þykir sérstök ástæða til.

Eftirrit af uppdráttum bæja og skipulagsuppdráttum, ásamt lýsingum, er þeim fylgja, skal geyma í Þjóðskjalasafninu.

6. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Skipulagsnefnd hefir eftirlit með byggingu hvers bæjar, sem skipulagsuppdráttur er samþykktur fyrir. Skal vandlega rannsakað, svo oft sem þurfa þykir, hvort skipulagsákvæðum er fyllilega fylgt og hvort uppdrættir eru varðveittir, auknir og endurbættir, svo sem vera ber. Nefndin hefir og eftirlit með starfi byggingarnefnda, hreppsnefnda og bæjarstjórna um allt, er að skipulagi lýtur, og veitir þeim leiðbeiningar eftir föngum.

Nefndin gefur stjórnarráðinu árlega skýrslu um öll þau atriði, sem áfátt kann að vera í hverjum bæ.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 69 23. júní 1932.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta um breytingu á skipulagslögnum frá 1921 snertir aðeins nokkur einföld framkvæmdaratriði, en er ekki endurskoðun á efni þessa mikla lagabálks. Aðalhöfundur skipulagslaganna, Guðm. próf. Hannesson, er nú genginn úr nefndinni, um leið og hann hættir að kenna við háskólann. Þykir þó af fleiri en einni ástæðu eðlilegt, að hann hafi aðstöðu til að starfa að þessum málum meðan heilsa leyfir. Er því lagt til, að skipulagsnefnd geti haft í ráðum með sér heilbrigðismálafræðing, og er ætlað til, að Guðmundur Hannesson gegni því starfi fyrst um sinn.

Hér er gert ráð fyrir, að þessir embættismenn landsins séu sjálfkjörnir í skipulagsnefnd: Húsameistari, vegamálastjóri og vitamálastjóri. Nálega allt þéttbýli á Íslandi er við sjó, og fyrirkomulag hafnanna og hafnarmannvirkjana er þess vegna mjög þýðingarmikill þáttur í skipulagi kaupstaða og kauptúna, engu síður en húsa-gerð, götur og vegir. Það mun þess vegna þykja eðlileg ráðstöfun, að þessir þrír starfsmenn landsins eigi sæti í skipulagsnefnd. Á hinn bóginn er starf skipulagsnefndar svo mikið og sívaxandi, að þessir starfsmenn verða að hafa skrifstofu undir stjórn sérfróðs húsameistara, þar sem unnið er að mælingum og öllum undirstöðuatriðum skipulagningarinnar. En skipulagsnefnd leggur síðustu hönd á verkið.

Til að standast þann kostnað, sem leiðir af þessari óhjákvæmilega auknu vinnu við skipulagið, er gert ráð fyrir að leggja lágt skattgjald á allar nýbyggingar, sem reistar verða í kaupstöðum og kauptúnum og þar, sem skipulagslögin ná til. Er þar fylgt erlendum fordæmum um skyld efni. Á sama hátt er skattur lagður á nýbyggingar fyrir veitt byggingarleyfi, og hefir enginn talið það ósanngjarnt.

Aðrar breytingar á skipulagslögnum má telja eðlilegt, að skipulagsnefnd hafi undirbúning um, þegar hún hefði fengið betri aðstöðu til að sinna þessum málum heldur en verið hefir hingað til.